

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

14. mars 2023

Mættar: Agnieszka Korpak, Aldís Ósk Sævarsdóttir, Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir og Sunna Rós Svansdóttir.

Fundur fór fram á heimili Sunnu Rósar og í gegnum fjarfundabúnað.

Fundur settur klukkan 16:35.

Við eigum 250.000 í sjóðnum. Við ætlum að sækja um 400.000 þúsund núna í styrk.

Hoppukastali á vorhátíðinni, spurning hvaðan við leigjum hann. Við veltum fyrir okkur hvernig við getum skipt upp hópnum þannig að yngri börnin séu ekki í hættu í hoppukastalanum vegna eldri og stærri barna. Erum að skoða hvort við eigum að fá einhvern til að vera með skemmtun, t.d. blöðrudýr, andlitsmálun, töfrabrögð, lifandi tónlist, þrautabraut eða annað. Allskonar hugmyndir koma upp, reipitog, limbó o.fl.

Vorhátíð fyrir leikskólann. Væri sniðugt að hafa þar trampólínið úti, stöð til að kasta grjónapokum í hluti, hoppukastala, aðili að búa til blöðrudýr og töfraatriði (tala við Einar Aron töframann), Spotify í gangi. Kanna hvað Sirkús Íslands kostar.

Vorhátíð í Heiðarskóla. Spotify, andlitsmálun, blöðrudýr, hoppukastali, þrautabraut/stöðvar. Í fyrra var ekki mikill áhugi á skemmtun, hugsum um að sleppa því í Heiðarskóla. Meira flæði hjá krökkunum.

Munum að fylgjast með fræðslu sem Heiðarskóli fær svo að ef við ætlum að bjóða upp á fræðslu að við séum ekki með það sama og þau.

Stefnum á að hittast 18. apríl aftur á sama tíma og fara yfir stöðuna.

Fundi slitið klukkan 17:40.

Fundagerð ritaði Aldís Ósk Sævarsdóttir.